Í fyrsta lagi má nefna frávík vegna áætlaðra umframútgjalda í málaflökknunum *Vinnumál og atvinnuleysi*, eða 7.600 m.kr., sem skýrast af hærri atvinnuleysi og auknum kostnaði Ábyrgðasjóðs launa í kjölfar áfalla í flugrekstri á fyrri hluta ársins og kólnunar hagkerfisins í kjölfarið. Í öðru lagi er gert ráð fyrir hærri framlögum til málefna aldraðra, einkum til málaflökksins *Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra* vegna dóms um ólögmetar skerðingar. Í þriðja lagi er framlag til málaflökksins *Sérhæfð sjúkrahúspjónusta* aukið um 2.500 m.kr. vegna meiri kostnaðar en gert var ráð fyrir. Rekstrarvandi Landspítalans lækkar við þetta í 4.000 m.kr. rekstrarhalla, en á móti honum vegur að hluta minni útgjöld á yfirstandandi ári til byggingar nýs spítala vegna tafa við framkvæmdir sem svara til 1.500 m.kr. Í fjórða lagi hækka útgjöld til málaflökksins *Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð*,

örorka vegna fjölgunar bótaþega umfram forsendur fjárlaga og vegna endurreiknaðra bóta í kjölfar álitis umboðsmanns Alþingis um réttmæti búsetuskerðingar. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir auknum útgjöldum sjúkratrygginga um samtals 1.340 m.kr. umfram forsendur fjárlaga til þriggja málaflokka; *Erlend sjúkrahúshjónusta* 410 m.kr., *Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun* 660 m.kr. og *Hjálparteki* 270 m.kr. Í sjötta lagi er gert ráð því að útgjöld vegna málaflokksins *Fæðingarorlof* verði 1.330 m.kr. hærri vegna fjölgunar foreldra sem nýta rétt sinn umfram þann fjölda sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

Á móti vegur helst til lækkunar að gert er ráð fyrir að málaflokkurinn *Húsnæðisstuðningur* lækki um 200 m.kr., einkum vegna lægri útgjalda til vaxtabóta. Þá er gert ráð fyrir því að nýta um 7.000 m.kr. af almenna varasjóðnum til þess að veða á móti útgjaldaauka á ýmsum sviðum, m.a. vegna endurmats á launa- og gengisforsendum. Aðrar breytingar nema samtals 1.684 m.kr. til lækkunar.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs lækka þau um 1.000 m.kr. frá fjárlögum fyrir árið 2019. Ástæða lækkunarinnar er að mestu vegna áhrifa af nýrri þjóðhagssþá sem inniheldur lægra vaxtastig og verðbólgu en sú sem lá til grundvallar í fjárlögum fyrir árið 2019. Einnig hafa endurkaup ríkissjóðs á skuldabréfum fyrir rúmlega 8 ma.kr. í september og október áhrif til lækkunar.

Að teknu tilliti til lækkunar vaxtagjalda er áætlað að heildarútgjöld ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni nemi um 877 ma.kr. á árinu og verði um 13,6 ma.kr. hærri en áætlun fjárlaga. Sem hlutfall af VLF er áætlað að hlutfallið verði óbreytt frá fjárlögum, eða 30,1%. Vakin er athygli á því að útreikningur á útgjöldum sem hlutfall af VLF tekur mið af spá Hagstofu Íslands um þróun VLF hverju sinni. Nú er gert ráð fyrir að VLF verði hærri á þessu ári en áður, en þannig endurspeglar óbreytt hlutfall hærri útgjöld.

4.4 Lánsfjármál

Endurskoðaðar áætlanir sýna að heildarskuldir ríkissjóðs munu nema um 892 ma.kr. í lok árs og að skuldahlutfall samkvæmt lögum um opinber fjármál verði því sem næst 23%. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024 var gert ráð fyrir áframhaldandi lækkun skulda ríkissjóðs og að þær myndu nema um 832 ma.kr. í árslok 2019. Í þeirri áætlun var ekki gert ráð fyrir erlendri lántöku ríkissjóðs á árinu. Um mitt ár gerði ríkissjóður hins vegar tilboð í útistandandi fjárhæð skuldabréfa í evrum sem gefin voru út á árinu 2014 og gaf út nýtt skuldabréf að fjárhæð 500 milljónir evra sem samsvarar 70 ma.kr. Skuldabréfið ber 0,1% vexti sem eru hagstæðustu vextir sem ríkissjóður hefur nokkru sinni fengið. Þessi skuldabréfaútgáfa er í samræmi við langtímastefnu í lánamálum en miðað er við að halda úti 1–2 viðmiðum í erlendri útgáfu á hverjum tíma en það er mikilvægt fyrir aðra innlenda aðila sem þurfa að sækja sér fjármagn á alþjóðamarkaði. Tilgangur útgáfunnar er einnig að breikka fjárfestahóp í skuldabréfum ríkissjóðs, setja nýtt viðmið á hagstæðari vaxtakjörum en áður og nýta núverandi markaðsaðstæður sem eru skuldabréfaútgjöldum þjóðríkja einstaklega hagfelldar um þessar mundir. Vegna útgáfunnar aukast heildarskuldir ríkissjóðs um tæplega 62 ma.kr. á árinu, eða sem nemur 2% af landsframléiðslu. Nettóskuldir samkvæmt skuldareglu laga um opinber fjármál hækka hins vegar ekki þar sem andvirði útgáfunnar er lagt inn í Seðlabanka Íslands sem hluti af gjaldeyrisforða og dregst því frá eins og aðrar innstæður þegar nettóskuldahlutfall er reiknað.

Greinargerð við einstaka málaflokka.

Í þessum hluta er farið yfir athugasemdir um breytingar á fjárheimildum einstakra málefna-
sviða og málaflokka í frumvarpinu. Hluti breytinganna felst í innbyrðis leiðréttingu á hagrænni
skiptingu fjárheimilda málefna- og málaflokka en þar er einkum um að ræða breytingar á
fjárfestingarframlögum yfir í rekstrarframlög til samræmis við áætlað uppgjör viðkomandi liða
í ríkisreikningi. Í meðfylgjandi töflu má sjá tillögur að breytingum á hagrænu skiptingunni en
þessar leiðréttingar hafa engin áhrif á heildarheimildir málefna- og málaflokka né
afkomu ríkissjóðs.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfesting- arframlög	Heildar- fjárheimild
03 Æðsta stjórnarsýsla	7,0	-7,0	0,0	0,0	0,0
03.30 Forsætisráðuneyti	7,0	-7,0	0,0	0,0	0,0
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	715,8	0,0	0,0	-715,8	0,0
05.20 Eignaumsýsla ríkisins	550,9	0,0	0,0	-550,9	0,0
05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins	13,9	0,0	0,0	-13,9	0,0
05.40 Stjórnarsýsla ríkisfjármála	151,0	0,0	0,0	-151,0	0,0
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál .	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	2,1	-2,1	0,0	0,0	0,0
07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar	2,1	-2,1	0,0	0,0	0,0
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	182,5	-184,5	-96,1	98,1	0,0
11.10 Samgöngur	193,5	-184,5	-96,1	87,1	0,0
11.30 Stjórnarsýsla samgönguráðuneytis	-11,0	0,0	0,0	11,0	0,0
12 Landbúnaður	-10,5	10,5	0,0	0,0	0,0
12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmál	-10,5	10,5	0,0	0,0	0,0
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	55,4	0,0	0,0	-55,4	0,0
18.10 Safnamál	0,4	0,0	0,0	-0,4	0,0
18.20 Menningarstofnanir	55,0	0,0	0,0	-55,0	0,0
20 Framhaldsskólastig	-32,0	0,0	0,0	32,0	0,0
20.10 Framhaldsskólar	-32,0	0,0	0,0	32,0	0,0
21 Háskólastig	83,2	0,0	0,0	-83,2	0,0
21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi	83,2	0,0	0,0	-83,2	0,0
23 Sjúkrahúsþjónusta	-93,9	-41,1	0,0	135,0	0,0
23.10 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta	-93,9	-41,1	0,0	135,0	0,0
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	0,0	0,0	-17,8	17,8	0,0
25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými	0,0	0,0	-17,8	17,8	0,0
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	-33,1	-9,1	0,0	42,2	0,0
32.20 Jafnréttismál	9,1	-9,1	0,0	0,0	0,0
32.30 Stjórnarsýsla heilbrigðismála	-42,2	0,0	0,0	42,2	0,0
Samtals	876,5	-233,3	-113,9	-529,3	0,0

Í umfjölluninni um einstaka málaflokka hér á eftir um helstu breytingar frumvarpsins er ekki gerð grein fyrir þessum fyrrgreindu leiðréttingum heldur er þar fyrst og fremst fjallað um breytingar á sértækum útgjaldamálum málefnasviða og málaflokka, og eftir atvikum millifærslu fjárheimilda milli málefnasviða og málaflokka.

01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 40 m.kr.

01.10 Alþingi

Lagt er til að veita 40 m.kr. til málaflokksins vegna mikillar viðveru starfsmanna Alþingis umfram almenna starfsskyldu. Á vordögum var óvenju mikið annríki á Alþingi sem kallaði á mjög mikla viðveru starfsmanna skrifstofunnar umfram almenna vinnuskyldu. Alla jafna er mikið álag á vordögum þingsins og gert ráð fyrir því í áætlunum skrifstofunnar en á yfirstandandi ári var það óvenju mikið og varði vikum saman. Ástæðurnar voru málþóf í þingsalnum og mörg, umfangsmikil og þung mál sem sinna þurfti á nefndasviði. Yfirvinna þeirra sem vinna í tengslum við þingsalinn var tvöfalt meiri en vanalegt er og álíka mikið hjá nefndasviði. Þá var ekki nægur fjöldi starfsmanna til að sinna allri þessari vinnu án þess að kæmi til hvíldartímabrota sem einnig skapaði aukinn kostnað. Þessar aðstæður voru ófyrirsjáanlegar og Alþingi á engan varasjóð til að bregðast við óvæntum kostnaði upp á tugi milljóna.

02 Dómstólar

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 20,3 m.kr.

02.30 Landsréttur

Gerð er tillaga um 20,3 m.kr. hækkun framlags til málaflokksins til að mæta launakostnaði þriggja skipaðra landsréttardómara frá því í ágúst vegna áhrifa dóms Mannréttindadómstóls Evrópu um að fjórir dómara séu ekki löglegir til að dæma við réttinn. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 28,1 m.kr. og verða 7,8 m.kr. millifærðar úr varasjóði málaflokksins og eftir standa 20,3 m.kr. Útgjöldin eru ófyrirséð og metin óhjákvæmileg.

03 Æðsta stjórnarsýsla

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 10 m.kr. og jafnframt að 19,9 m.kr. fjárheimild verði millifærð til málaflokka annarra málefnasviða.

03.30 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 10 m.kr. vegna kostnaðar við heimsókn Angelu Merkel, kanslara Þýskalands. Ekki lá fyrir fyrr en í mars að af heimsókninni yrði. Ekki er unnt að finna þessum útgjöldum stað innan ramma málefnasviðsins og óhjákvæmilegt að bregðast við þeim.

Auk þess er gerð tillaga um samtals 19,9 m.kr. millifærslu framlags til Ríkislögreglustjóra 06-303 til að mæta kostnaði við sólarhringsvöktun í Stjórnarráðshúsinu sem er nú mönnum lögreglumönnum. Forsaga máls er sú að í mars sl. var samþykkt tillaga ríkislögreglustjóra um að embættið tæki yfir sólarhringsgæslu í Stjórnarráðshúsinu frá og með 1. september 2019. Ljóst var að efla þurfti öryggismál Stjórnarráðshússins og ekki þótti tækt að bíða með það verklag til ársins 2020. Ríkislögreglustjóri annast öryggisvaktina, útfærslu og skipulag.

04 Utanríkismál

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 1,7 m.kr.

04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnýsla utanríkismála

Lagt er til að 1,7 m.kr. verði millifærðar á málaflokkinn af málaflokknum *11.30 Stjórnýsla samgönguráðuneytis*. Er tillagan í samræmi við úrskurð forsætisráðuneytis um flutning fjárheimilda vegna flutnings stjórnarmálefna Flutningur hergagna og annars varnings með loftförum til utanríkisráðuneytisins.

05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 80 m.kr.

05.40 Stjórnýsla ríkisfjármála

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 80 m.kr. og skýrist hækkunin af tveimur tilefnum. Annars vegar er lögð til 30 m.kr. fjárheimild til greiðslu á GovCert-þjónustu netöryggisveitar Póst- og fjárskiptastofnunar (PFS). Forsaga þessa er að í janúar 2018 var undirritaður samningur milli fjármála- og efnahagsráðuneytis (FJR) og PFS um svokallaða GovCert-þjónustu netöryggisveitar PFS við stjórnýsluna. Um er að ræða þjónustu sem miðar að því að treysta getu ráðuneytanna til að verjast öryggisatvikum, svo sem netárásam og öðrum alvarlegum atvikum. Samningurinn náði til 1. janúar 2019 þar sem við undirritun hans var í undirbúningi frumvarp til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða og var gert ráð fyrir að lögin tækju gildi 1. janúar 2019. Lögin voru aftur á móti ekki samþykkt fyrir en í júní sl. og taka ekki gildi fyrir en 1. september 2020. Með lögunum er GovCert-þjónustan sérstaklega tilgreind sem eitt af verkefnum PFS en stofnunin hefur áfram sinnt þessari nauðsynlegu þjónustu á yfirstandandi ári. Hér er því um ófyrirséð útgjöld að ræða þar sem forsendur breyttust frá gerð fjárlaga fyrir árið 2019.

Hins vegar er lagt til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 50 m.kr. vegna verulegrar fjölgunar innskráninga á Island.is með rafrænum skilríkjum. Mikil áhersla hefur verið lögð á að auka framboð á stafrænni opinberri þjónustu. Samhliða auknu framboði hafa stofnanir í auknu mæli nýtt sér öruggari innskráningarþjónustu með rafrænum skilríkjum í gegnum innskráningarþjónustu á Island.is. Innskráningar á vefi hins opinbera voru 52% fleiri fyrstu átta mánuði ársins en á sama tíma í fyrra. FJR hefur greitt fyrir innskráningu á alla vefi A-hluta stofnana með rafrænum skilríkjum. Í ljósi mun meiri notkunar innskráningarvefsins en gert var ráð fyrir hefur kostnaður ráðuneytisins aukist meira en áætlað var frá fyrra ári auk þess sem gert er ráð fyrir aukinni notkun út árið, m.a. þar sem innskráning á vefsvæði framhaldsskóla Innu.is er nú með rafrænum skilríkjum.

Þessi aukning var ófyrirséð en almenn vitundarvakning um netöryggismál er að aukast og stofnanir þar af leiðandi farnar að nota öruggeri innskráningarmáta fyrir rafræna þjónustu.

Aðrir útgjaldaliðir, svo sem virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu og höfundaréttargjöld, sem falla undir málaflokk 5.4. eru umfram fjárheimildir og mun varasjóður málaflokksins verða nýttur til þess að mæta þeim kostnaði. Ráðstafanir innan málaflokksins eru því ekki mögulegar í framangreindum tilvikum.

09 Almanna- og réttaröryggi

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 69,3 m.kr.

09.10 Löggæsla

Lögð er til 44,3 m.kr. hækkun á fjárheimild málaflokksins sem skýrist af tveimur tilefnum. Annars vegar er gerð tillaga um 19,9 m.kr. millifærslu framlags frá forsætisráðuneytinu yfir á embætti ríkislögreglustjóra til að annast sólarhringsvöktun í Stjórnarráðshúsinu sem mönnuð er lögreglumönnum. Forsaga máls er sú að í mars sl. var samþykkt tillaga ríkislögreglustjóra um að embættið tæki yfir sólarhringsgæslu í Stjórnarráðshúsinu frá og með 1. september 2019. Ljóst var að efla þurfti öryggismál Stjórnarráðshússins og ekki þótti tækt að biða með það verklag til ársins 2020. Ríkislögreglustjóri annast öryggisvaktina, útfærslu og skipulag.

Hins vegar er lagt til að fjárheimild málaflokksins hækki um 24,4 m.kr. til að mæta mismun á alþjónustugjaldi og kostnaði Neyðarlínunnar við að veita neyðarsvör. Alþjónustubyrði er reiknuð af Póst- og fjarskiptastofnun. Alþjónustubyrði Neyðarlínunnar er 22,4% af rekstrarkostnaði sem metinn er á 78,4 m.kr. en framlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu eru 54 m.kr. og vantar því framangreindar 24,4 m.kr. til að fjármagna starfsemina. Í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 40/2008, um samræmda neyðarsvör, kemur fram að kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar, að því marki sem hann er ekki greiddur af tekjum fyrir þá þjónustu sem vaktstöðin veitir, skuli greiddast úr ríkissjóði. Útgjöldin eru lögbundin og því óhjákvæmileg.

09.50 Fullnustumál

Gerð er tillaga um 25 m.kr. viðbótarframlag til málaflokksins vegna lokauppgjors á byggingu fangelsis á Hólmsheiði. Lokauppgjör Framkvæmdasýslu ríkisins vegna byggingarinnar lá fyrir á árinu 2019 og nemur heildarkostnaðurinn 2.873 m.kr. Fjárveitingar til byggingarinnar á fjárlögum fyrir árin 2012–2016 námu samtals 2.797 m.kr. Auk þess voru 30 m.kr. til ráðstöfunar í sjóði á fjárlagaviðfanginu *06-591 Fangelsisbyggingar* sem nýttar voru til byggingarinnar. Samtals hafa því 2.827 m.kr. verið til ráðstöfunar til byggingarinnar. Mismunur fjárveitinga og heildarkostnaðar eru því 46 m.kr. en af þeirri fjárhæð greiddast 20 m.kr. af uppsöfnuðum fjárveitingum á þessu og síðasta ári. Til þess að ljúka byggingunni er óskað eftir 25 m.kr. fjárveitingu. Ekki er til varasjóður vegna málaflokksins.

10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 1.172,7 m.kr.

10.20 Trúmál

Lagt er til að fjárheimild til málaflokksins hækki um 1.072,7 m.kr. sem skipta má í þrennt. Í fyrsta lagi 800,6 m.kr. hækkun framlags til Þjóðkirkjunnar og er kirkjujarðasamkomulag þannig efnt með sama hætti og árin 2015 – 2018. Um er að ræða hækkun í samræmi við niðurstöðu reiknilíkans sem notað er til að reikna út framlög samkvæmt samningi ríkis og kirkju. Framlagið skal nema fjárhæð sem svarar til launa biskups Íslands og vígslubiskupa, launa 138 starfandi presta og prófasta Þjóðkirkjunnar eins og þau voru ákveðin af Kjararáði og launa 18 starfsmanna biskupsembættisins. Í öðru lagi 306,9 m.kr. hækkun framlags til Þjóðkirkjunnar til að mæta áhrifum úrskurðar kjararáðs á laun presta árið 2017 sem giltu afturvirktil til 1. janúar 2017. Í þriðja lagi lækka framlög til málaflokksins vegna sóknargjalda um 34,8 m.kr. í tengslum við endurmat á fjölda einstaklinga í skráðum trúfélögum. Einingarverð sóknargjalda var ákvarðað með lögum sem 930 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri á þessu ári og er óbreytt.

10.50 Útlendingamál

Lögð er til 100 m.kr. hækkun framlags til málaflokksins til að stytta málsmeðferðartíma umsókna um alþjóðlega vernd er varðar börn. Gert er ráð fyrir að tímabundinni fjárveitingu verði ráðstafað til Útlendingastofnunar til ráðningar starfsfólks til þess að vinna niður mála fjölda þar sem börn með vernd eiga í hlut. Eftir fongum yrði einnig leitast við að nýta þá fjárveitingu til að stytta málsmeðferðartíma barna og fjölskyldna þeirra sem eru með umsókn í öðru ríki (Dyflinnarmál). Miðað við þann fjölda sem nú biður úrlausnar í þessum sporum virðist raunhæft að ná árangri með u.þ.b. sex ársverkum eða því sem nemur um 100 m.kr. á þessu ári og því næsta. Útlendingastofnun hefur á þessu ári ráðið í 11 ný stöðugildi á verndarsviði málaflokksins en það er sú starfseining sem metur og afgreiðir umsóknir um alþjóðlega vernd. Útgjöldin eru metin óhjákvæmileg til að mæta megi áherslum ríkisstjórnarinnar um bætt meðferð umsókna er varðar börn. Ekki er talið að hægt verði að aðlaga reksturinn að fjárveitingum ársins og að 100 m.kr. vanti þar upp á.

11 Samgöngu- og fjarskiptamál

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 788,3 m.kr.

11.10 Samgöngur

Lagt er til að fjárheimild til málaflokksins verði aukin um 790 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum.

Annars vegar er lögð til 258 m.kr. aukning fjárheimildar til að mæta ófyrirséðum kostnaðarauka vegna seinkunar á afhendingu nýja Herjólfur til Vestmannaeyjabæjar. Herjólfur ohf., sem rekur nýju ferjuna, hefur sent kröfu til Vegagerðarinnar vegna áfallins kostnaðar á grundvelli breyttra rekstrarforsendna vegna seinkunar á afhendingu skipsins, frá mars til júlí sl. Krafa hefur verið til skoðunar hjá Vegagerðinni og hafa 258 m.kr. verið metnar sem réttmæt krafa að svo stöddu. Samkvæmt samningi ríkisins við Vestmannaeyjabæ átti rekstrarfélagið (Herjólfur ohf.) að fá nýja ferju afhenta í byrjun árs 2019 þannig að hægt yrði að hefja siglingar 30. mars þegar rekstrarfélag bæjarins tæki yfir rekstur siglingaleiðarinnar. Á þeim tíma átti að vera lokið æfingum og þjálfun skipshafnar og öðrum undirbúningi að því að yfirtaka reksturinn. Ekki var hægt að sjá fyrir þær tafir sem urðu á afhendingu ferjunnar. Um er að ræða tímabundinn viðbótarkostnað sem féll til innan ársins vegna tafa og óhjákvæmilega þurfti að bregðast við aðstæðum til að halda samgöngum milli lands og eyja samkvæmt áætlun. Samkvæmt viðbótarsamningi ríkisins

og Vestmannaeyjabæjar er sannanlegur kostnaður sem til féll vegna tafa á afhendingu fyrir rekstrarfélagið á ábyrgð ríkisins. Sá kostnaður sem hér um ræðir er einkum: a) mismunur á rekstrarkostnaði eldri Herjólfss og nýja, svo sem viðbótarlaunakostnaður þar sem eldra skip þarf meiri mönnun, olíukostnaður og annar rekstrarkostnaður, svo sem hafnargjöld og viðhaldskostnaður, b) aukakostnaður vegna bókunarkerfis og annar stjórnunarkostnaður vegna óhagræðis af seinkun og c) seinkun leiddi til þess að samhliða því að reka siglingaleiðina með eldra skipi þurfti rekstrarfélagið að taka nýtt skip í notkun, annast prófanir og þjálfa skipverja. Vinna við þetta var því í auknum mæli unnin í yfirvinnu sem leiddi til aukins launakostnaðar. Ekki er hægt að finna svigrúm innan málaflokksins þar sem að fjárveitingum hefur þegar verið ráðstafað í ýmis lögbundin eða samningsbundin verkefni. Varasjóðurinn hefur ekki bolmagn til að mæta frávikum af þessari stærðargráðu og óhjákvæmilegt er að bregðast við þeim.

Hins vegar er lögð til 532 m.kr. hækkun á fjárheimild málaflokksins vegna ófyrirséð viðbótarkostnaðar vegna greiðslu til Crist skipasmíðastöðvar í kjölfar lokauppgjörs við afhendingu nýrrar Vestmannaeyjaferju um mitt árið í ár. Einnig féll til viðbótarkostnaður, m.a vegna eftirlits, erlendra lögfræðiráðgjafar, tafa á afhendingu skips og slíptöku nýrrar ferju. Viðbótarkostnaðurinn er ófyrirséður en ekki var hægt að sjá fyrir hver lokafjárhæð uppgjörs yrði vegna smíði nýrrar ferju. Þær upplýsingar lágu ekki fyrir fyrir en á þessu ári.

11.20 Fjarskipti

Lögð er til breytt hagræn skipting fjárheimildar og nýting hennar innan málaflokksins.

Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 50,7 m.kr. framlag til Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) sem er leiðrétting á mismun milli tekna stofnunarinnar og framlags úr ríkissjóði í fjárlögum fyrir árið 2019. Samkvæmt lögum á stofnunin að fá framlag í samræmi við tekjuáætlun til að standa undir eftirliti og truflanavakt. Stofnunin hefur orðið af fjárveitingu að upphæð 50,7 m.kr. á árinu þar sem tekjurnar hafa runnið í ríkissjóð en stofnunin ekki fengið framlag á móti. Truflanavakt PFS hefur verið fjármögnuð af árgjöldum vegna tíðni skv. 14. gr. a laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Vegna aukningar í notkun tíðni fyrir farnetsþjónustu hafa tíðnitruflanir aukist mikið, fjöldi truflana hefur farið úr 285 árið 2017 í 585 tilfelli um mitt árið í ár. Truflanavakt PFS er undirfjármögnuð og undirmönnuð þrátt fyrir mikla aukningu tekna af tíðnigjöldum. Óhjákvæmilega þarf að bregðast við þessum vanda með leiðréttingu á fjárveitingu til stofnunarinnar.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 23 m.kr. tímabundið framlag til verkefnis um lagningu ljósleiðara um Mjóafjörð. Fjarskiptasamband við Mjóafjörð hefur verið ótryggt, sér í lagi yfir vetrartímamann. Unnið er að lagningu ljósleiðara.

Í þriðja lagi er lagt til að 32,3 m.kr. tímabundið framlag fari til verkefnis um lagningu ljósleiðara um Kjöl. Fyrir liggur samningur forsætisráðuneytis um framgang verkefnisins en fjármögnun er ólokið.

Til að mæta tillögum um fjárveitingu í fyrrnefnd þrjú verkefni, Póst- og fjarskiptastofnun (50,7 m.kr.), ljósleiðara um Mjóafjörð (23 m.kr.) og ljósleiðara um Kjöl (32,3 m.kr.), er lagt til að óráðstöfuð fjárveiting vegna Þjónustusamnings við Farice innan ársins verði nýtt til að fjármagna verkefni. Áætlað er að 106 m.kr. verði til ráðstöfunar í árslok. Tillögurnar eru innan sama málaflokks.

11.30 Stjórnsýsla samgönguráðuneytis

Lagt er til að 1,7 m.kr. verði millifærðar af málaflöknum í samræmi við úrskurð forsætisráðuneytisins frá 11. desember 2018 um flutning fjárheimilda vegna flutnings stjórnarmálefnisins: „Flutningur hergagna og annars varnings með loftförum skv. 1. og 5. mgr. 78. gr. laga um loftferðir“ til utanríkisráðuneytisins, sbr. forsetaúrskurð nr. 20/2018

frá 2. maí 2018. Er það niðurstaða forsætisráðherra að fjárveiting er nemur 1. m.kr. skuli flytjast með stjórnarmálefningu frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti til utanríkisráðuneytis. Við flutning fjárheimildar fyrir árið 2018 skal miða við gildistöku forsetaúrskurðar nr. 20/2018. Samkvæmt úrskurðinum færir 1 m.kr. vegna yfirstandandi árs og 0,7 fyrir árið 2018, þ.e. frá 2. maí til ársloka. Samtals er gert ráð fyrir að 1,7 m.kr. flytjist á milli ráðuneytanna.

20 Framhaldsskólalastig

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 95 m.kr.

20.10 Framhaldsskólar

Lagt er til að veittar verði 95 m.kr. til málaflokksins, vegna aðgerðaáætlunar um úrræði vegna atvinnuleysis á Suðurnesjum í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar. Um er að ræða aðgerðir í kjölfar fjöldauppsagna á Suðurnesjum vegna gjaldþrots flugfélagsins WOW air og annarra uppsagna á svæðinu. Aðgerðirnar snúa m.a. að því að tryggja aðgengi að námi, þjónusta fólk með annað móðurmál en íslensku, tryggja virkni barna og ungmenna í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi og tryggja sveigjanleika til að grípa til ráðstafana vegna ástandsins, m.a. með félagslegri þjónustu, sálægslu og náms- og starfsráðgjöf. Um er að ræða aðgerðir sem snúa að fleiri málefnasviðum en heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

23 Sjúkrahúspjónusta

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 410 m.kr.

23.30 Erlend sjúkrahúspjónusta

Gerð er tillaga um viðbótarfjárheimild til málaflokksins *Erlend sjúkrahúspjónusta* vegna endurmats á útgjöldum ársins. Áætlanir gera nú ráð fyrir að útgjöldin stefni í samtals 410 m.kr. umfram fjárheimild fjárlaga. Málaflokkurinn er mjög sveiflukenndur og erfitt að sjá fyrir þróun kostnaðar. Breytingin samanstendur annars vegar af 170 m.kr. aukningu vegna brýnnar sjúkrahúsmeðferðar erlendis og hins vegar 240 m.kr. aukningar vegna sjúkrahúskostnaðar vegna veikinda og slysa erlendis.

24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 623 m.kr.

24.10 Heilsugæsla

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins *Heilsugæsla* lækki samtals um 58 m.kr. Í fyrsta lagi vegna 27,5 m.kr. millifærslu á málaflokkinn *Sérfræðiþjónusta og hjúkrun* vegna samnings Sjúkratrygginga Íslands við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um þjónustu við fanga. Í öðru lagi er gerð er tillaga um 30 m.kr. millifærslu á málaflokkinn *Stjórnsýsla heilbrigðismála*, annars vegar 17 m.kr. til að standa undir kostnaði við reglubundnar þjónustukannanir og að koma á fót eftirliti með rekstri og þjónustu þeirra sem reka heilsugæslustöðvar á

höfuðborgarsvæðinu en verkefni verða á vegum Sjúkratrygginga Íslands, og hins vegar 13 m.kr. til að standa undir kostnaði við ýmis verkefni á vegum Embættis landlæknis, svo sem eftirlit með rekstri og þjónustu þeirra sem reka heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.

24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun

Gerð er tillaga um 120 m.kr. lækkun fjárheimildar málaflokksins *Sérfræðiþjónusta og hjúkrun*. Í fyrsta lagi er lögð til 27,5 m.kr. millifærsla til málaflokksins af málaflokki *Heilsugæsla* vegna samnings Sjúkratrygginga Íslands við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um þjónustu við fanga. Í öðru lagi er gerð tillaga um 147,3 m.kr. lækkun fjárheimildar til að mæta kostnaði við lækkun greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Komugjöld lífeyrisþega urðu gjaldfrjáls í heilsugæslu frá 1. janúar 2019. Í fjárlögum fyrir árið 2019 voru vistaðir fjármunir á þessum lið til að mæta kostnaði vegna nýs greiðsluþátttökukerfis sem tók gildi 1. maí 2017. Á móti eru rekstrarekjuheimildir heilsugæslustöðva lækkaðar.

24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun

Gerð er tillaga um 660 m.kr. viðbótarfjárheimild til málaflokksins *Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun* vegna áætlaðra umframútgjalda á yfirstandandi ári en áætlanir gera nú ráð fyrir að halli stefni í 660 m.kr. í lok árs. Þann 1. maí 2017 tók gildi nýtt greiðsluþátttökukerfi fyrir heilbrigðisþjónustu og hafa útgjöld vegna þjálfunar aukist verulega frá gildistöku kerfisins. Aukninguna í útgjöldum umfram áætlanir má einkum rekja til aukins fjölda einstaklinga sem sækja þjálfun og aukinnar greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands með breyttu kerfi auk þess sem einungum á hverja komu hefur fjölgað lítilla milli ára. Til samanburðar þá var kostnaðarþátttaka SÍ á árinu 2016, fyrir gildistöku greiðsluþátttökukerfisins um 58% af heildarkostnaði. Á yfirstandandi ári er kostnaðarþátttaka SÍ orðin um 80%. Um áramót er ætlunin að við taki samningar sem byggjast á útboði Sjúkratrygginga Íslands og að umfang þjónustukaupa í þeim samningum verði innan fjárveitinga.

24.40 Sjúkraflutningar

Lagt er til að auka fjárheimildir málaflokksins *Sjúkraflutningar* um 140 m.kr. vegna áætlaðs halla í árslok. Þeir liðir sem mestu ráða um hallann eru fastagjald vegna samnings um sjúkraflug og langar ferðir innan lands, sem greiddur er á grundvelli reglugerðar um ferðakostnað sjúkratryggðra og aðstandenda þeirra innan lands. Fastagjaldið er samningsbundið og því verður ekki breytt. Ferðakostnaður ræðst af því að fleiri þurfa að sækja þjónustu utan heimabyggðar.

25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði lækkuð um 55 m.kr.

25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými

Gerð er tillaga um lækkun á fjárheimild málaflokksins *Hjúkrunar- og dvalarrými* vegna millifærslu 55 m.kr. á málaflokkinn *Lífeyrisskuldbindingar*. Aðilaskipti urðu á rekstri hjúkrunarheimilisins Sólvangs 1. apríl á þessu ári. Við þessi skipti færast lífeyrisskuldbindingar Sólvangs til fjármála- og efnahagsráðuneytis.

26 Lyf og lækningavörur

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 270 m.kr.

26.30 Hjálpartæki

Gerð er tillaga um 270 m.kr. viðbótarfjárheimild til málaflokksins *Hjálpartæki* vegna umframútgjalda ársins. Öldrun þjóðarinnar og aukin tíðni langvinnra sjúkdóma hefur leitt til aukinnar eftirspurnar eftir hjálpartækjum. Það hefur haft aukinn kostnað í för með sér en í sumum tilvikum hefur tækniþróun einnig leitt til aukins kostnaðar. Á mótí hefur hún stuðlað að betri þjónustu við sjúklinga. Í nýsamþykktri heilbrigðisstefnu er lögð aukin áhersla á að fólk geti búið sem lengst á heimilum sínum enda ódýrara en hjúkrunarrými. Í framhaldi af útgáfu skýrslu starfshóps um hjálpartæki sem nýlega var kynnt má vænta þess að farið verði í skoðun á hjálpartækjamálum í heild.

27 Öroroka og málefni fatlaðs fólks

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 2.168 m.kr.

Útgjöld vegna leiðréttingar á örorkubótum í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis, sem varða áhrif búsetutíma erlendis á rétt til örorkulífeyris, nema 782,5 m.kr. Komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að lækun greiðsluhlutfalls lífeyris vegna búsetu erlendis væri ekki í samræmi við lög. Athugun umboðsmanns laut að því hvernig bæri að reikna tímann fram til 67 ára aldurs við ákvörðun búsetutíma í tilviki einstaklinga sem áður hafa verið búsettir innan EES-svæðisins. Skiptast útgjöldin á milli þriggja málaflokka á málefnasviðinu eins og sést hér á eftir.

27.10 Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir

Lagt er til að fjárheimild til málaflokksins hækki um 685,1 m.kr. og skýrist sú hækkan af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er lagt til að veita 721 m.kr. aukin framlög vegna endurreiknings búsetuskerðingar í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis, sem varðar áhrif búsetutíma erlendis á rétt til örorkulífeyris. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að framlög til málaflokksins lækki um 35,9 m.kr. vegna endurmats á útgjaldahorfum ársins. Vegur þar þyngst 75,1 m.kr. lækkan útgjalda vegna tekjutryggingar örorkulífeyrisþega en þeim örorkulífeyrisþegum sem fá greiðslur samkvæmt þessum lið fjölgaði minna á milli ára en gert hafði verið ráð fyrir.

Auk þess er gert er ráð fyrir að 2.500 m.kr. verði millifærðar af málaflokknunum yfir á málaflokk 27.20 en vegna breytinga á lögum um félagslega aðstoð voru m.a. gerðar breytingar á útreikningi sérstakrar uppbótar til framfærslu. Þær breytingar tóku gildi afturvirkir frá og með 1. janúar 2019.

27.20 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, örorka

Lagt er til að fjárheimild til málaflokksins hækki um 564,5 m.kr. og skýrist sú hækkan af þremur tilefnum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 699,1 m.kr. vegna fjölgunar einstaklinga umfram forsendur fjárlaga sem fá endurhæfingarlífeyri í samræmi við spá Tryggingastofnunar ríkisins. Aukning á milli ára er 9,8% en gert var ráð fyrir 2,5% í forsendum fjárlaga en lögð hefur verið áhersla á að endurhæfing sé í boði fyrir fólk áður

en það er metið á örorku sé þess kostur, sérstaklega ungt fólk. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að útgjöld málaflokksins lækki um 11 m.kr. vegna endurreiknings búsetuskerðingar í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis eins og fjallað er um hér að framan. Í þriðja lagi er lagt til að fjárheimild málaflokksins lækki um 123,6 m.kr. vegna endurmats á útgjaldahorfum ársins.

Auk þess er gert ráð fyrir að 2,5 ma.kr. verði millifærðir á málaflokkinn af málaflokki 27.10 vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um félagslega aðstoð en þá voru m.a. gerðar breytingar á útreikningi sérstakrar uppbótar til framfærslu. Þær breytingar tóku gildi afturvirkir frá og með 1. janúar 2019.

27.40 Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristrygg.)

Lagt er til að fjárheimild til málaflokksins hækki um 918,3 m.kr. og skýrist sú hækkun af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi 800 m.kr. hækkun vegna vaxtagreiðslna á lífeyrisgreiðslur til ellilífeyrisþega í samræmi við dóm Landsréttar nr. 466/2018 en um er að ræða einskiptis-kostnað. Í öðru lagi 72,5 m.kr. hækkun á útgjöldum málaflokksins vegna vaxtagreiðslna við endurreikning búsetuskerðingar í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis. Í þriðja lagi er um að ræða 45,8 m.kr. hækkun vegna annars kostnaðar eins og aukins fjölda niðurfelldra krafna.

28 Málefni aldraðra

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 5.117 m.kr.

Þar vega þyngst útgjöld vegna dóms Landsréttar um ólögmati afturvirkir skerðingar á greiðslum til ellilífeyrisþega vegna greiðslna úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyris-sjóðum. Bætur voru skertar afturvirkir með lagabreytingu frá árinu 2017 þar sem verið var að leiðrétta mistök sem voru gerð við breytingu á lögum um almannatryggingar árið áður og heimila áttu skerðingu á greiðslum til ellilífeyrisþega afturvirkir um tvo mánuði. Afturvirkni laganna var dæmd ólögmat og Tryggingastofnun ríkisins gert að greiða til baka skerðinguna ásamt dráttarvöxtum. Áætluð áhrif þessa dóms nema um 5.400 m.kr. og skiptast útgjöldin á milli tveggja málaflokka eins og sést hér síðar.

28.10 Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra

Lagt er til að fjárheimild til málaflokksins hækki um 4.938 m.kr. Skýrist sú hækkun af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er lögð til hækkun á fjárheimild til málaflokksins um 5.100 m.kr. vegna dóms Landsréttar nr. 466/2018 eins og vikið er að hér framar. Í öðru lagi er á móti lögð til 177,4 m.kr. aukin fjárheimild málaflokksins vegna hærri tekna ellilífeyrisþega. Í þriðja lagi er lagt til að auka framlag til málaflokksins um 15 m.kr. vegna endurreiknings búsetuskerðingar í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis.

28.20 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, öldrun

Lagt er til að fjárheimild til málaflokksins hækki um 179,4 m.kr. Skýrist sú hækkun af tveimur tilefnum. Annars vegar er lagt til að veita 300 m.kr. framlag til málaflokksins vegna dóms Landsréttar nr. 466/2018 eins og vikið er að hér framar. Hins vegar er lögð til 120,6 m.kr. lækkun fjárheimildar til málaflokksins um vegna endurmats á útgjaldahorfum ársins.

29 Fjölskyldumál

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 1.329 m.kr.

29.20 Fæðingarorlof

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 1.120 m.kr. Skýrist sú hækkun af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er farið fram á 1.400 m.kr. hækkun framlags til Fæðingarorlofssjóðs. Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði munu fara talsvert fram úr fjárheimild ársins og eru ástæður þess þríþættar; foreldrum sem taka fæðingarorlof hefur fjölgað umfram forsendur fjárlaga, fleiri dagar eru teknir og greiðsla á hvern umsækjanda er hærri. Í öðru lagi er gerð tillaga um 280 m.kr. lækkun fjárheimildar til greiðslu fæðingarorlofsstyrks til foreldra utan vinnumarkaðar. Einstaklingum sem fá greiddan fæðingarorlofsstyrk hefur fækkað á síðustu árum og stefnir í að útgjöld vegna fæðingarorlofsstyrks verði um 280 m.kr. innan fjárheimildar.

29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 209,2 m.kr. Skýrist sú hækkun af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að útgjöld vegna umönnunargreiðslna hækki um 198 m.kr. þar sem aukning hefur verið á umsóknum sem gilda allt að tvö ár aftur í tímann. Í öðru lagi er lögð til 11,2 m.kr. hækkun vegna bóta til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, einnig vegna aukningu umsókna sem gilda allt að tvö ár aftur í tímann.

30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 7.635 m.kr.

30.10 Vinnumál og atvinnuleysi

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 7.605 m.kr. Skýrist sú hækkun af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 6.255 m.kr. hækkun á fjárheimild málaflokksins til að mæta auknum útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs á yfirstandandi ári. Atvinnuleysi hefur aukist á árinu og munu greiðslur úr sjóðnum fara umtalsvert fram úr fjárveitingum ársins sem m.a. má rekja til falls flugfélagsins WOW air. Í öðru lagi er farið fram á 1.270 m.kr. hækkun framlaga til málaflokksins sem fari til Ábyrgðarsjóðs launa til að mæta auknum útgreiðslum vegna gjaldþrota fyrirtækja á árinu. Útgjöld sjóðsins stefna í að fara talsvert umfram fjárheimildir og vegur gjaldþrot flugfélagsins WOW air þar þyngst. Í þriðja lagi er farið fram á 80 m.kr. hækkun fjárveitingar til Vinnumálastofnunar í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar til að takast á við þau verkefni sem óhjákvæmilega lentu á stofnuninni í kjölfar falls flugfélagsins WOW air. Atvinnuleysi stefnir í 3,5% á árinu, en það var 2,4% árið 2018. Fjöldi atvinnulausra er nú 6.748, en var 4.283 árið 2018. Til að bregðast við vanda yfirstandandi árs var ársverkum fjölgað um 8 talsins, úr 125 árið 2018 í 133 í ár.

Auk þess er gerð tillaga um millifærslu 30 m.kr. fjárveitingar af málefnasviði 32 yfir á málaflokkinn. Við þriðju umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019 var samþykkt 30 m.kr. framlag til Hugarafsls, samtaka um geðheilbrigði. Fjárveitingin fór inn á liðinn *Velferðarstyrkir á sviði félagsmála* en hefði með réttu átt að fara á liðinn *Starfsendurhæfingar*.

32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 50 m.kr.

32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit

Gerð er tillaga um 13 m.kr. viðbótarfjárheimild málaflokksins *Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit* vegna 13. m.kr. millifærslu af málaflokknum *Heilsugæsla* á málaflokkinn til að standa undir kostnaði við eftirlit með rekstri og þjónustu þeirra sem reka heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.

32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála

Gerð er tillaga um 17 m.kr. aukningu fjárheimildar málaflokksins *Stjórnsýsla heilbrigðismála* vegna millifærslu af málaflokknum *Heilsugæsla* til að standa undir kostnaði Sjúkra- trygginga Íslands við reglubundnar þjónustukannanir og að koma á fót eftirliti með rekstri og þjónustu þeirra sem reka heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.

32.40 Stjórnsýsla félagsmála

Gerð er tillaga um 20 m.kr. hækkun fjárheimildar málaflokksins *Stjórnsýsla félagsmála*. Skýrist sú hækkun af tveimur tilefnum. Annars vegar vegna 50 m.kr. framlags til Tryggingastofnunar ríkisins vegna ráðninga sérfræðinga til endurskoðunar á búsetuútreikningi örorkulífeyrisþega í kjölfar álitis umboðsmanns Alþingis. Hins vegar vegna millifærslu 30 m.kr. á málaflokkinn *Vinumál og atvinnuleysi*. Við þriðju umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019 var samþykkt 30 m.kr. framlag til Hugarafsl, samtaka um geðheilbrigði. Fjárveitingin fór á rangan málaflokk og er það leiðrétt með þessari tillögu.

33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 55 m.kr.

33.30 Lífeyrisskuldbindingar

Lagt er til að veitt verði 55 m.kr. fjárheimild til málaflokksins *Lífeyrisskuldbindingar* vegna millifærslu af málaflokknum *Hjúkrunar- og dvalarrými* vegna aðilaskipta á rekstri hjúkrunarheimilisins Sólvangs sem urðu 1. apríl 2019. Við þessi skipti færast lífeyris- skuldbindingar Sólvangs til fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði lækkuð um 5.100 m.kr.

34.10 Almennur varasjóður

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins *Almennur varasjóður* verði lækkuð um 5.100 m.kr. til að vega á móti þeim auknu fjárheimildum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Því vil viðbótar er áætlað að ráðstafa þurfi um 2 ma.kr. af almenna varasjóðnum með millifærslum

innan ársins. Sú viðbót kemur einkum vegna aukinna dómkrafna og vegna breytinga á launa- og gengisforsendum samanborið við forsendur fjárlaga fyrir árið 2019. Gangi þetta eftir er áætlað að eftir standi ríflega 3 ma.kr. framlag í almenna varasjóðnum. Af varfærissjónarmiðum er ekki lögð til meiri lækkun en sem nemur framangreindum 5,1 ma.kr. ef til þess kemur að bregðast þurfi við frekari óvæntum og óhjákvæmilegum útgjöldum fyrir lok þessa árs.

Fylgirit með frumvarpi til fjáráukalaga

fyrir árið 2019.

Efnisyfirlit

	Bls.
Yfirlit	
Inngangur	3
1. Fjárveitingar eftir hagrænni skiptingu.....	4
2. Fjárveitingar eftir málaflokkum og ráðuneytum	15
3. Fjárveitingar eftir ráðuneytum, stofnunum og verkefnum	24

Inngangur

Í frumvarpi til fjárlaga og frumvarpi til fjárukalaga eru fjárheimildir A-hluta ríkissjóðs sundurgreindar eftir málefnasviðum og málaflokkum. Skipting fjárheimilda málaflokka í fjárveitingar til ríkisaðila og annarra verkefna sem tilheyra A-hluta ríkissjóðs birtast í fylgiriti sem lagt er fram samhliða fjárlagafrumvarpinu og fjárukalagafrumvarpinu. Þetta fylgirit er frábrugðið fylgiriti fjárlagafrumvarpsins og fjárlaga að því leyti að hér er ekki sýnd sundurliðun á áætluðum tekjum A-hluta ríkissjóðs samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli um opinber fjármál, yfirlit yfir skuldbindandi þjónustu- og styrktarsamninga og ekki forsendur fjárveitinga sem byggjast á reiknilíkönunum eða sérstökum reiknireglum og fyrirhugaðar breytingar á þessum líkönunum og reglum. Í fylgiritinu er einungis sýnd nánari skipting fjárveitinga til stofnana og verkefna til samræmis við tillögur að breyttum fjárheimildum í frumvarpinu.

Efni fylgiritsins er í þremur yfirlitum og er sem hér segir:

- Skipting á breytingum á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka samkvæmt frumvarpinu í fjárveitingar til ríkisaðila í A-hluta og verkefna. Fjárveitingar til ríkisaðila greinast í rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingarframlög. Einnig er gerð grein fyrir áætluðum rekstrartekjum ríkisaðila og verkefna og framlagi úr ríkissjóði.
- Sundurliðun fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna í A-hluta eftir málefnasviðum, málaflokkum og ráðuneytum.
- Sundurliðun fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna eftir ráðuneytum.

Yfirlit 1

Skipting fjárheimilda skv. frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árið 2019 í fjárveitingar til ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs og verkefna og í varasjóði málaflokka eftir hagrænni skiptingu

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkisjóði
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	40,0	0,0	0,0	0,0	40,0	0,0	40,0
01.10 Alþingi	40,0	0,0	0,0	0,0	40,0	0,0	40,0
00-201 Alþingi	40,0	0,0	0,0	0,0	40,0	0,0	40,0
101 Alþingiskostnaður	40,0	0,0	0,0	0,0	40,0	0,0	40,0
02 Dómstólar	20,3	0,0	0,0	0,0	20,3	0,0	20,3
02.30 Landsréttur	20,3	0,0	0,0	0,0	20,3	0,0	20,3
06-205 Landsréttur	20,3	0,0	0,0	0,0	20,3	0,0	20,3
101 Landsréttur	20,3	0,0	0,0	0,0	20,3	0,0	20,3
03 Æðsta stjórnýsla	-2,9	-7,0	0,0	0,0	-9,9	0,0	-9,9
03.30 Forsetisráðuneyti	-2,9	-7,0	0,0	0,0	-9,9	0,0	-9,9
01-101 Forsetisráðuneyti, aðalskrifstofa	4,8	0,0	0,0	0,0	4,8	0,0	4,8
101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	4,8	0,0	0,0	0,0	4,8	0,0	4,8
01-190 Ýmis verkefni	7,0	-7,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
123 Hrafnseyri	7,0	-7,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
01-201 Fasteignir forsetisráðuneytis	-14,7	0,0	0,0	0,0	-14,7	0,0	-14,7
101 Fasteignir forsetisráðuneytis	-14,7	0,0	0,0	0,0	-14,7	0,0	-14,7
04 Utanríkismál	1,7	0,0	0,0	0,0	1,7	0,0	1,7
04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnýsla utanríkismála	1,7	0,0	0,0	0,0	1,7	0,0	1,7
03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1,7	0,0	0,0	0,0	1,7	0,0	1,7
101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1,7	0,0	0,0	0,0	1,7	0,0	1,7
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	795,8	0,0	0,0	-715,8	80,0	0,0	80,0
05.20 Eignaumsýsla ríkisins	550,9	0,0	0,0	-550,9	0,0	0,0	0,0
09-984 Ríkiseignir	550,9	0,0	0,0	-550,9	0,0	0,0	0,0
121 Rekstrarviðhald	550,9	0,0	0,0	0,0	550,9	0,0	550,9
621 Stofnkostnaður	0,0	0,0	0,0	-550,9	-550,9	0,0	-550,9

